

Efni: Aðstaða guðfræði- og heimspekinema

Nemendafélög heimspekinema og guðfræðinema telja óraunhæft að færa nemendaaðstöðu þeirra niður í kjallara Aðalbyggingar frá 3. hæð hússins. Aðgengi að nýju aðstöðunni er mjög slæmt fyrir fatlaða stúdenta, ákvörðunin um tilfærsluna er tekin án aðkomu stúdenta sem stríðir gegn stefnu HÍ í jafnréttis- og lýðræðismálum sem og Bologna-ferlinu. Auk þess teljum við það ógerlegt að koma öllum nemendafélögum Hugvísindasviðs fyrir á nýja staðnum. Nemendafélögin Fiskurinn og Soffía fara því fram á að ákvörðunin verði endurskoðuð.

Fyrir í mánuðinum sendi forseti Hugvísindasviðs, Ástráður Eysteinnsson, formönnum allra nemendafélaga innan Hugvísindasviðs bréf. Þar var þeim tilkynnt að kaffistofum guðfræði- og heimspekinema á þriðju hæð Aðalbyggingar yrði lokað. Ástráður segir að ekki sé verjandi að nemendur í sumum greinum hafi eigin félagsaðstöðu en aðrir ekki. Í stað þeirrar aðstöðu sem guðfræði- og heimspekinemar missa er þeim boðin aðstaða í kjallara Aðalbyggingar, ásamt ellefu öðrum nemendafélögum innan Hugvísindasviðs. Í rýminu sem nemendum býðst til afnota er herbergi, salerni og gangur. Við ganginn er áætlað að hafa kennslustofur svo óvíst er hversu vel hann muni nýtast nemendum. Það er algjörlega óraunhæft að ætla þrettán nemendafélögum aðstöðu í þessu rými sem er alltof lítið til að allir nemendur Hugvísindasviðs (1953 talsins) geti samnýtt það.

Við skiljum vel að ekki sé hægt að réttlæta það að nemendur sumra greina hafi félagsaðstöðu en aðrir ekki. Lausnin felst þó ekki í að svipta þá nemendur aðstöðu sinni sem hafa hana nú þegar og setja alla nemendur í þetta litla rými sem stendur til boða. Frekar ætti að bæta aðstöðu þeirra nemenda sem ekki búa jafn vel og við. Rannsóknir hafa sýnt að ein besta leiðin til að draga úr brottfalli nemenda er að bæta félagsaðstöðu þeirra og stuðla að aukinni samvinnu þeirra á milli. Það skýtur skökku við að aðstaða tveggja nemendafélaga sé aflögð um leið og Háskólinn ætlar sér að vinna markvisst gegn brottfalli. Í Stefnu Háskóla Íslands 2006-2011 segir einnig að skapa eigi fyrirmyndarnámsumhverfi og í því skyni á m.a. að bæta lesaðstöðu og félagsaðstöðu nemenda. ([http://www.hi.is/is/skolinn/stefna\\_2006\\_2011](http://www.hi.is/is/skolinn/stefna_2006_2011))

Kaffistofur guðfræði- og heimspekinema eru afar vel nýttar af nemendum og skipta miklu máli, bæði fyrir nám okkar og félagslíf. Einnig viljum við benda á að kennslu í heimspeki og guðfræði fylgir lítill tilkostnaður og því undarlegt að HÍ skuli telja það ofrausn að nemar hafi aðstöðu þar sem þeir geti rætt um fræði sín.

Báðar kaffistofurnar eiga sér merkilega sögu. Í þeim er fjöldinn allur af húsgögnum, munum og bókum sem kennarar og nemendur hafa gefið félögunum. Við vitum ekki hvað verður um hlutina, en forseti Hugvísindasviðs sagði að í nýja rýminu yrðu sett upp kaffihúsaborð og stólar og ólíklegt væri að pláss yrði fyrir aðra innanstokksmuni. Bæði guðfræði- og heimspekinemar hafa haft sérstakan kaffisjóð svo að nemendur geti hellt upp á eigið kaffi í stað þess að kaupa það af FS. Ekki er gert ráð fyrir því að nemendur hafi slíka aðstöðu í framtíðinni, heldur að þar verði kaffisjálfsalar sem fela í sér aukinn kostnað fyrir nemendur. Rýmið niðri í kjallara er þannig á engan hátt sambærilegt við aðstöðuna sem við höfum í dag, enda eingöngu hugsað sem kaffistofa en ekki aðstaða fyrir einstök nemendafélög.

Það sem slær okkur þó mest er það hvernig stjórnslá HÁskólans hefur rekið málið. Í bréfinu sem minnst var á hér að ofan kemur fram að húsnæðismál Hugvísindasviðs hafi undanfarin misseri verið tekin til endurskoðunar og að *nú sé komin endanleg mynd á þau mál*. Þetta orðalag bendir til þess að nemendur hafi og muni ekki hafa neitt um þessa ákvörðun að segja. Nemendur í guðfræði og heimspeki voru ekki upplýstir um að til stæði að svipta þá aðstöðu sinni fyrr en ákvörðun hafði verið tekin. Því miður virðist okkur að ætlunin hafi verið að halda óvissunni í hámarki og keyra þetta mál í gegn áður en nokkur fengi rönd við reist. Þessi vinnubrögð eru óviðunandi. Í Stefnu Háskóla Íslands kemur fram að meðal grunngilda Háskólans séu *jafnrétti og lýðræði*: „Háskóli Íslands leggur áherslu á lýðræðisleg vinnubrögð og að jafnréttis sé gætt á öllum sviðum starfseminnar. Háskólinn ætlar ávallt að vera í fararbroddi í jafnréttismálum.“ ([http://www.hi.is/is/skolinn/stefna\\_2006\\_2011](http://www.hi.is/is/skolinn/stefna_2006_2011)) Að auki stríðir ákvörðunin gegn Bologna-ferlinu sem íslenska ríkið er aðili að en í því er kveðið á um að í öllum ákvarðanatökum innan háskóla skuli stúdent hafður með í ráðum. Fyrir utan ofangreind atriði er verulega brotið á rétti fatlaðra nemenda. Aðgengi er mun verra í kjallara Aðalbyggingar heldur en á þriðju hæðinni. Það hlýtur að teljast alvarlegt að huga ekki að aðgengi fatlaðra nemenda innan deildarinnar

Okkur þykir afar mikilvægt og eðlilegt að aðstaða nemenda sé höfð í huga þegar húsnaði er skipulagt. Að okkar viti er hagur nemenda ekki hafður að leiðarljósi heldur er látið líta svo út fyrir að verið sé að úthluta öllum nemendum Hugvísindasviðs aðstöðu. Sé hugmyndin sú að búa til einhverskonar miðstöð fyrir nemendur á Hugvísindasviði er það vel en hana þarf að framkvæma mun betur og hafa stúdenta með í ráðum.

Mörgum spurningum er ósvarað. Við óskum eftir því að málið verði endurskoðað og fundað verði með forsvarsmönnum nemendafélaganna áður en endanleg ákvörðun verður tekin.

Virðingarfyllst,

---

Formaður Fisksins, nemendafélags guðfræðinema

---

Formaður Soffíu, nemendafélags heimspekinema

---

Fulltrúi Stúdentaráðs